

LÖG

um breyting á lögum nr. 57/1988, um framhaldsskóla,
sbr. lög nr. 107/1988 og nr. 72/1989.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 39. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo:

Menntamálaráðherra er heimilt að efna til tilraunastarfs í starfsnámi í samráði við einstaka skóla og víkja þá frá ákvæðum þessara laga ef nauðsyn krefur. Slíkt tilraunastarf skal að jafnaði ekki skilgreint til lengri tíma en tveggja ára í senn og skal skipulagt í samvinnu við fulltrúa atvinnurekenda og launþega í viðkomandi starfsgrein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1993.

Davíð Oddsson.

Salome Þorkelsdóttir.
(L. S.)

Þór Vilhjálmsson.

Ólafur G. Einarsson.

LÖG

um breyting á útvarpslögum, nr. 68/1985.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi eru sett með hliðsjón af lögum um fjarskipti, nr. 73/1984, hvað varðar tæknilega eiginleika.

Með *útvarpi*, hljóðvarpi eða sjónvarpi, er í lögum þessum átt við hvers konar útsendingu dagskárefnis innan íslenskrar lögsögu sem ætluð er almenningi til beinnar móttöku og dreift er með rafsegulöldum hvort heldur í tali, tónum eða myndum, um þráð eða þráðlaust hvort heldur sem útsendingin er læst eða ólæst.

Ákvæði þessara laga ná ekki til dreifingar útvarpsdagskrár eða útsendinga sem eingöngu eru ætlaðar þröngum hóp og takmarkast við byggingar eða húsakynni á samfelldri lóð, svo sem einstök íbúðarhús, sjúkrahús, gistihús, skóla og verksmiðju.

Útvarpsstöð er sá aðili sem leyfi hefur til útvarps samkvæmt lögum þessum.